## AFSTÖÐUMYND mkv. 1:500




LOFTMYND: LOFTMYNDIR EHF.

**VESTURTANGI 7-11, SIGLUFIRÐI - FJALLABYGGÐ**
**Landnúmer:** 224477
**Staðgreinir:** 6250-1-93030070

**Flatarmál**

| | |
|---|---|
| Flatarmál lóðar (skv. deiliskipulagi) | 1840,0 m² |
| Brúttó stærð jarðhæð | 493,8 m² |
| Brúttó stærð 2. hæð | 85,1 m² |
| Brúttó stærð geymslulofts, 2. hæð | 141,6 m² |
| Brúttó stærð, samtals öll gólf | 720,5 m² |
| Nýtingarhlutfall lóðar | 0,39 |

**Greinargerð**
Reisa á fiskvinnsluhús að Vesturtanga 7-11 á Siglufirði.
Byggingin verður 493,8 m² að grunnfleti. Húsið er á steinsteyptum undirstöðum. Útveggir og þak eru reistir upp á límtrésburðargrind. Klæðning útveggja og þaks eru stálsamlokueiningar, einangraðar með steinull. Í húsinu verður aðstaða til fiskvinnslu, einkum á grásleppu og grásleppuhrognum, geymsla, skrifstofuaðstaða og starfsmannaaðstaða, þ.e.a.s snyrtingar, búningsaðstaða með starfsmannaskápum, sturtur og kaffistofa.

**Viðmið**
Einangrun hússins, U-gildi, er samkvæmt 13.3.2. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012 með áorðnum breytingum.

Húsið skal uppfylla hönnunarflokk B samkvæmt 8.2.4 gr. í byggingarreglugerð.

Byggingin er í notkunarflokki 1.

**Byggingarlýsing**
**Undirstöður og gólf**
Undirstöður hvíla á frostfrírri þjappaðri malarfyllingu.
Malarfylling í og að grunni skal vera hrein grús laus við lífræn jarðefni. Sökklar og gólf eru járnbent og steinsteypt. Undir gólfplötu húss skal setja 50 mm grunneinangrun, nema undir anddyri og starfsmannaaðstöðu, þar skal einangra með 100 mm grunneinangrun. Gólfplötur eru vélslípaðar og lagðar epoxy kvartsefni eða sambærilegu.

**Útveggir**
Útveggir eru járnbentir og steinsteyptir 1,25 m upp fyrir gólfplötu. Að utan eru steyptir veggir einangraðir með 75 mm sökkuleinangrun, 125 kg/m³, utan á sökkulvegginn, 0,6 m niður fyrir neðri brún á gólfplötu. Utan á einangrun kemur múrklæðning og hún máluð. Sökkulveggi að innan skal filtera með tilbúnum múr og mála.
Límtrésburðargrind verður fest ofan á steinveggi með innsteyptum heitgalvanhúðuðum stálfestingum.

Milli límtrésramma í útveggjum koma lóðréttar límtrésstoðir festar ofan á steinvegg og við kantbita í þaki. Útveggir eru klæddir með liggjandi stálsamlokueiningum, sléttum að innan en með trapisuformi að utan, einangraðar með steinull. Þykkt kjarna á einingu 105 mm, hæð trapisu 44 mm.

**Þak**
Þak er mænisþak með 15° þakhalla byggt upp á límtrésrömmum, þakásar eru úr límtré. Þakgluggar / reykræsiop með polycarbonat plasti. Þakklæðning er úr stálsamlokueiningum, sléttum að innan en með trapisuformi að utan, einangraðar með steinull. Þykkt kjarna á einingu 129 mm, hæð trapisu 44 mm.

**Milliveggir**
Milliveggir í vinnslu eru úr stálsamlokueiningum á upphækkuðum steyptum sökkli, hæð ca. 125 mm.
Milliveggir í starfsmannaðastöðu byggðir upp á timburgrind einangraðir með steinull og klæddir rakaheldum plötum í flokki 1. Í sturtuaðstöðu er klætt með rakaþolnu gifsi eða Viroc klæðningarplötum.

**Milliloft**
Milliloft eru byggð upp á timburbitum, klæddum að ofan með 22 mm rakaheldum nótuðum spónaplötum. Milli gólfbita er 70 mm þéttull fest upp með vír cc. 200 mm. Neðan á gólfbitum er lektugrind / lagnagrind og rakaheld klæðning.

**Stigar og handrið**
Stigar í starfsmannaaðstöðu og geymslu eru úr timbri. Útdreginn timburstigi / klifurstigi með handlistum er upp á geymsluloft. Fallvörn / handrið á geymslulofti úr timbri.

**Iðnaðarhurðir**
Iðnaðarhurðir úr einangruðum stálsamlokueiningum, með rafmagnsopnun og fjarstýringu. Iðnaðarhurðir skulu uppfylla öryggiskröfur og CE merktar.

**Gluggar og hurðir**
Gluggar og gönguhurðir úr plasti, með stál eða álkjarna. Í gönguhurðum er tvöfalt öryggisgler. Allt gler er gasfyllt K-gler.

**Hitakerfi**
Starfsmannarými verður hitað upp með stálofnum, lagnir eru inni í veggjum og millilofti. Vinnsluhluti hússins verður hitaður upp með hitablásurum.

**Neysluvatnslagnir**
Neysluvatnslagnir eru utanáliggjandi í vinnsluhluta hússins.
Í starfsmannaaðstöðu eru lagnir inni í veggjum og millilofti.
Neyðarsturta og augnskol í lyftarageymslu.

**Loftræsing**
Í vinnsluhluta hússins verður vélræn loftræsing.
Í starfsmannaaðstöðu er vélrænt útsog á snyrtingum, búningsaðstöðu, ræstingu og á baði.

**Raflagnir**
Raflagnir verða í utanáliggjandi raflagnastigum í vinnsluhluta hússins. Inntak og tafla í lyftarakompu.
Í starfsmannaaðstöðu eru raflagnir inni í veggjum / millilofti.

**Brunavarnir**
Byggingin er fjögur brunahólf, þ.e.a.s. vinnsluhluti, starfsmannaaðstaða, lyftarageymsla og geymsla. Brunaskil eru EI60, hurðir á brunaskilum $EI_2 60\text{-}CS_m$. Allar klæðningar skulu vera í flokki 1. Steinullareiningar á þaki og útveggjum eru EI-60. Milligólf skulu vera R-60. Milligólf yfir lyftarageymslu REI-60.
Þar sem lagnir fara á milli eldvarnarhólfa skal eldverja lagnaleiðir með viðurkenndum hætti. Flóttaleiðir er um útihurðir og björgunarop, skv. uppdráttum. Fellistigi við björgunarop í kaffistofu. Þess skal gætt að flóttaleiðir séu ávallt greiðfærar. Innra eftirlit starfsmanna skal hafa eftirlit með að flóttaleiðir séu ávallt vel merktar, greiðfærar og séu ekki tepptar af búnaði, tækjum, snjó eða öðru sem takmarkað getur flæði fólks. Út- og neyðarlýsing er sýnd á grunnmynd ásamt tillögu að staðsetningu slökkvitækja. Stærð og gerð slökkvitækja í samráði við eldvarnaeftirlit. Í þaki eru reykræsigluggar með polycarbonat plasti, stærð a.m.k. 5% af gólffleti. Reyk- og hitaskynjarar eru tengdir stjórnstöð, sem er komið fyrir í anddyri. Slökkvilið skal hafa greiðan aðgang innan lóðar að öllum hliðum hússins.

**Lóð**
Lóð vestan og norðan við húsið verður malbikuð og/eða steypt. Aðrir yfirborðsfletir á lóð verða malbornir. Bílastæði (5 stk) og sorpgeymsla skv. afstöðumynd.

**Heilbrigðiskröfur**
Við hönnun og framkvæmd verks er farið eftir:
Lög nr. 7, 12. mars 1998. Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir.
Lög og reglur á starfssviði Vinnueftirlits er lúta að verki.
Skoðunarhandbók Matvælastofnunar útgefin í apríl 2011 og Leiðbeiningar útgáfa 1.0 / útgefnar í janúar 2011 sem er samræmd á Evrópska efnahagsvæðinu og samþykkt af íslenskum stjórnvöldum 1. mars 2010.
Samráð skal haft við Heilbrigðiseftirlit, Matvælastofnun og Vinnueftirlit við framkvæmd verksins.

**Ýmislegt**
Allt efni og vinna við verkið í heild sinni skal vera í samræmi við gildandi reglur og staðla er lúta að verkhluta og verki í heild sinni, sjá ákvæði í kafla 5 í byggingareglugerð nr. 112 / 2012 og CE merkingar á byggingavörum.

Skráningartöflu er skilað á rafrænu formi.

Burðarvirkishönnuður: Atli Gunnar Arnórsson
Hönnunarstjóri: Atli Gunnar Arnórsson

**Kólnunartölur:**

Starfsmannarými, Ti = 18°C

- Þak 0,26 W/m²K
- Útveggur 0,31 W/m²K
- Milliveggur 0,31 W/m²K
- Gólf á fyllingu 0,23 W/m²K
- Gluggar 1,8 W/m²K
- Hurðir 2,0 W/m²K

Vinnsla, Ti = 10°C

- Þak 0,26 W/m²K
- Útveggur 0,31 W/m²K
- Milliveggur 0,31 W/m²K
- Gólf á fyllingu 0,34 W/m²K
- Gluggar 1,8 W/m²K
- Hurðir 2,0 W/m²K
- Iðnaðarhurðir 0,6 W/m²K

008410

Samþykkt í skipulags- og umhverfisnefnd
23 / 08 2017

Fjallabyggð
Skipulags- og byggingarfulltrúi


STOÐ EHF.
VERKFRÆÐISTOFA
AÐALGATA 21 sími. 453-5050
550 SAUÐÁRKRÓKI fax. 453-6021
Netfang: stod@stodehf.is
Áritun hönnuðar / ábyrgðarmanns
Kt. 120379-4029


| | |
|---|---|
| Verk: | VESTURTANGI 7-11, SIGLUFIRÐI |
| Verkþáttur: | AÐALUPPDRÁTTUR - AFSTAÐA OG BYGG. LÝSING |
| Unnið fyrir: | Sverrir Björnsson ehf. |
| Verknr. | |
| Hannað: | Atli Gunnar |
| Teiknað: | AGA |
| Mælikvarði: | 1:500 |
| Uppdráttur nr. | A-101 |
| Teikniskrá: | 778001AM Vesturtangi 7-11.dwg |
| Blaðstærð: | A2 |
| Útgáfudagur: | 19. júlí 2017 |
| Breyting: | Nr. Dags. |
| Prentað: | 20. júl. 2017 |